

Svar

félags- og vinnumarkaðsráðherra við fyrirspurn frá Ingu Sæland um kostnað vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd.

1. *Á hvaða fjárlagaliði og undirliði dreifist kostnaður vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd?*

Við breytingu á skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands í kjölfar alþingiskosninga 2021 þá fluttist málefnið um þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd frá dómsmálaráðuneyti til félags- og vinnumarkaðsráðuneytis í upphafi árs 2022.

Þegar þjónusta við umsækjendur um alþjóðlega vernd var á forræði dómsmálaráðuneytis fram til ársins 2022 þá bókaðist kostnaður vegna þjónustunnar á fjárlagaliðinn 06-399-101 Umsækjendur um alþjóðlega vernd. Frá og með 2022 hefur kostnaðurinn bókast á fjárlagaliðinn 07-325-101 Umsækjendur um alþjóðlega vernd, sem er á forræði félags- og vinnumarkaðsráðuneytis.

2. *Hver voru útgjöld ríkissjóðs vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd á ári hverju, árin 2017–2022, sundurgreint eftir viðeigandi fjárlagaliðum og undirliðum?*

Til þess að geta svarað fyrirspurninni fullnægjandi þurfti að afla upplýsinga hjá dómsmálaráðuneyti vegna árána 2017–2021. Hér er einungis tiltekinn kostnaður vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd en ekki kostnaður við afgreiðslu umsókna (málsmeðferð) um alþjóðlega vernd. Afgreiðsla umsókna um vernd er á forræði dómsmálaráðuneytis.

Sjá má útgjöld hvers árs á því tímabili sem spurt er um í eftirfarandi töflu.

Útgjöld vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd			
Ár	Ráðuneyti	Fjárlagaliður	Fjárhæð
2017	Dómsmálaráðuneyti	06-399-101	2.316.200.943 kr
2018	Dómsmálaráðuneyti	06-399-101	2.117.362.448 kr
2019	Dómsmálaráðuneyti	06-399-101	2.234.550.551 kr
2020	Dómsmálaráðuneyti	06-399-101	2.240.337.043 kr
2021	Dómsmálaráðuneyti	06-399-101	1.990.615.535 kr
2022	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	07-325-101	4.743.735.459 kr
Samtals			15.642.801.979 kr

3. Hve mikið greiddi ríkissjóður einkaaðilum á ári hverju, árin 2017–2022, fyrir akstur umsækjenda um alþjóðlega vernd, hvort sem er í tengslum við afgreiðslu umsóknar um alþjóðlega vernd eða sem liður í þjónustu hins opinbera við umsækjendur um alþjóðlega vernd og hvað fékk hver einkaaðili mikið greitt vegna þessa á umræddu tímabili?

Til þess að geta svarað fyrirspurninni fullnægjandi þurfti að afla upplýsinga hjá dómsmálaráðuneyti vegna áraanna 2017–2021.

Sjá má útgjöld á því tímabili sem spurt er um í eftirfarandi töflu.

Kostnaður vegna aksturs umsækjenda um alþjóðlega vernd							
Akstur	2017	2018	2019	2020	2021	2022	Samtals
Leigubílar							
Hreyfill svf	7.549.345	3.473.051	5.913.701	6.905.638	6.238.953	49.173.705	79.254.393
A-Stöðin ehf.	96.230			101.670		1.960.050	2.157.950
Hóþferðabifreiðar							
Crew ehf						24.347.850	24.347.850
Hóþbílar hf.						72.500	72.500
Hóþferðir ehf						200.000	200.000
Annar akstur							
Sendibílastöðin hf.						142.000	142.000
Nýja sendibílastöðin hf.						600.830	600.830
Samtals	7.645.575	3.473.051	5.913.701	7.007.308	6.238.953	76.496.935	106.775.523